

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Tangabryggja.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 17. október 2014 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 14-16 við Tangabryggju. Í breytingunni felst breyting á notkun fyrstu hæðar hússins í íbúðir og/eða atvinnuhúsnæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grensásvegur 62.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 29. október 2014 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 62 við Grensásveg. Í breytingunni felst að lóðarmörkum fyrir lóðina er bætt inn á deiliskipulagið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 30. október 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2014